

EFTIRLITSSKÝRSLA

Langanesbyggð Þórshöfn



Dags eftirlits	19.8.2014	Fulltrúi UST	Sigríður Kristjánsdóttir
Fyrirtæki	Langanesbyggð Þórshöfn	Fulltrúi UST	
Heimili	Fjarðarvegi 3	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	42369-1749	Flokkur	Úrgangur og efnamóttaka
Fulltrúi fyrirtækis	Elías Pétursson	ÍSAT nr.	38.21.0
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	664967,643 638432,638

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Nokkuð var af ófrágengnum eldri, og lítið eitt af nýlegum úrgangi. Óheimilt er að taka við úrgangi eftir að starfsleyfi rennur út og skv. lokunarfyrimælum (ákv. 1.4) átti frágangi á öllum úrgangi á svæðinu að ljúka þ. 1.10.sl. Eins hafa mælingar í samræmi við starfsleyfi ekki verið framkvæmdar. Auk þessara frávika er gerð ein athugasemd er varða sömu þætti og frávikin

UMFANG EFTIRLITS

Ekki heppnaðist að funda við eftirlitið en farið var yfir fyrri eftirlitsskýrslur, starfsleyfi og lokunarfyrimæli. Þá fór fram skoðun á urðunarsvæðinu við Álfasundsás.

Frávik frá

Grein 1.8 í fyrimælum um frágang og vöktun þar sem fram kemur að rekstraraðili skuli kosta og ábyrgjast vöktun á grunnvatni skv. mælingaáætlun.

Lýsing á fráviki

Mælingarniðurstöður á vatni sem fer um urðunarstaðinn hafa ekki borist Umhverfisstofnun

Reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, gr. 7.1 þar sem m. a. segir „Allur atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, skal hafa gilt starfsleyfi,“

Lítið eitt var af nýjum úrgangi á urðunarsvæðinu við skoðun, þ.19.8.sl. Þó urðunarstaðnum hafi verið lokað.

ATHUGASEMDIR

Þar sem fundur var ekki haldinn við eftirlitið er brýnt að rekstraraðili geri nú grein fyrir næstu skrefum. Þetta á bæði við um frágang á urðunarsvæðinu og mengunarmælingar. Mælingarniðurstöður á vatni frá staðnum hafa ekki borist Umhverfisstofnun. Þá áttu fyrstu mengunarmælingar á vatni skv. lokunarfyrimælum að fara fram f. 1.10.14.

Reykjavík, 20.02.2015

Sigríður Kristjánsdóttir

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.